

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að kveðja aðilja máls þessa fyrir dóm og beina til þeirra framangreindum spurningum svo og öðrum þeim spurningum, sem svör þeirra kunna að gefa tilefni til.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1938.

Nr. 166/1936. Skólanefnd héraðsskólans á Laugum.

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri

(Jón Ásbjörnsson).

Mál til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. október 1936 og gert þessar dómkröfur: *Aðallega*, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda í málinu, *til vara*, að hann verði einungis dæmdur til þess að greiða stefnda kr. 15427.31 með 6½% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags gegn afhendingu skuldabréfs þess, er í málinu getur, og til þrautavara, að hann verði einungis dæmdur til að greiða kr. 18000.00 með 5% ársvöxtum frá 1. nóvember 1938 til greiðsludags gegn afhendingu skuldabréfsins. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar af stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, hver krafa hans sem til greina yrði tekin. Stefndi krefst þess hinsvegar, *aðallega*, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að

áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, en *til vara*, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 15707.31 með 6½% ársvöxtum frá 1. janúar 1935 til greiðsludags, að ákvæði héraðsdómsins um veðrétt í rafstöð héraðsskólans á Laugum verði staðfest að því er tekur til þessarar fjárhæðar og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í bréfi, er skólanefndarmenn héraðsskólans á Laugum rituðu forstjóra útibús Landsbanka Íslands á Akureyri þann 13. október 1933, kveðast þeir hafa „áformað að leysa út skuldabréf sitt, sem gefið var út 3. jan. síðastl. til handa Stefáni og sem hann hefir sett að handveði fyrir skuld sinni við bankann, og taka að sér skuldina til greiðslu“. Ennfremur segjast þeir hafa í hyggju að greiða nokkurn hluta skuldarinnar svo fljótt sem þeir geti aflað láns til þess, en mælast jafnframt til góðra skilmála um greiðslu eftirstöðvanna. Sá einn skilningur verður lagður í þessar yfirlýsingar skólanefndarmanna, að þeir afhendi skólans játist undir álögur skuldabréfsins og telji sig bundna við það, að ákvæði bréfsins um gjalddaga verði þegar 1. nóvember 1933 beitt gagnvart skólanum. Skiptir þess vegna hér engu máli rannsókn þess atriðis, hvort stefnda hefir skapazt réttur á hendur áfrýjanda fyrir viðtöku bréfsins úr hendi Stefáns Runólfssonar. Með því að áfrýjandi þannig hefir gerzt ábyrgur um greiðslu skuldabréfsins og skuldin öll er í gjalddaga fallin, þá verður að dæma hann til að greiða stefnda hana með vöxtum, svo sem krafizt er, og málskostnaði, sem þykir hæfilega ákveðinn í héraði og fyrir hæstarétti samtals kr. 600.00. Fyrir þessum fjárhæðum ber að viðurkenna

1. veðrétt stefnda til handa í rafstöð héraðsskólans á Laugum með öllum leiðslum og lóðarréttindum.

Þvi dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, skólanefnd héraðsskólans á Laugum, greiði f. h. skólans stefnda, útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri, kr. 18000.00 með 5% ársvöxtum frá 1. nóvember 1934 til greiðsludags og samtals kr. 600.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, og hefir stefndi 1. veðrétt fyrir hinum dæmdu fjárhæðum í rafstöð héraðsskólans á Laugum með öllum leiðslum og lóðarréttindum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 27. júní 1936.

Mál þetta er samkvæmt heimild í veðskuldabréfi höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útg. 23. júlí 1935 af útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri gegn Jóni Sigurðssyni, Yztafelli, Þórólfi Sigurðssyni, Baldursheimi, Kristjáni Sigurðssyni, Halldórsstöðum, Þorgeiri Jakobssyni, Brúum, og Jónasi Jónssyni, Brekknakoti, til greiðslu skuldar in solidum að upp kr. 18000.00 með 5% ársvöxtum frá 1. nóv. 1934 til greiðsludags, samkvæmt veðskuldabréfi, útg. til handa Stefáni Runólfssyni 3. og 5. janúar 1933. Til vara krefst stefnandi þess, að sömu menn að viðbættum Katli Indriðasyni Ytrafjalli, verði f. h. Alþýðuskólans á Laugum dæmdir til að greiða sér ofangreinda skuld ásamt umkröfðum vöxtum.

Ennfremur krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði með dóminum veðréttur hans samkvæmt ofangreindu veðskuldabréfi í rafstöð Alþýðuskólans á Laugum með öllum leiðslum og lóðarréttindum til tryggingar ofangreindri skuld með vöxtum og kostnaði.

Í rekstri málsins hefir stefnandi fallið frá aðalkröfu sinni um að stefndir verði dæmdir til að greiða skuldina persónulega, og verður aðalkrafa hans því sú, að þeir ásamt Katli Indriðasyni verði dæmdir til að greiða hana f. h. Alþýðuskólans á Laugum. Jafnframt hefir stefnandi krafizt þess *til vara*, að stefndir verði f. h. Alþýðuskólans á Laugum dæmdir til að greiða sér kr. 15707.31 með 6½% ársvöxtum frá 1. jan. 1935 til greiðsludags gegn afhendingu ofangreinds veðskuldabréfs, og að veðréttur sinn í rafstöð Alþýðuskólans á Laugum verði viðurkenndur með dómi þessum fyrir þeirri upphæð.

Stefnandi gerir ráð fyrir því, að til greina geti komið, að svo verði litið á, að draga beri andvirði siðargreinds skuldabréfs Aðalbjarnar Sigfússonar frá varakröfunni, ef hún yrði tekin til greina, og gerir hann því þá *þrautavarakröfu*, að ekki verði dregið meira en uppbóðsandvirði þess skuldabréfs frá varakröfunni þess vegna, eða kr. 280.00.

Málskostnaðar krefst stefnandi, hvernig sem málið fer.

Stefndir krefjast sýknu af aðalkröfu stefnanda og frávisunar á varakröfum hans, en til vara einnig sýknu af þeim. Málskostnaðar krefjast þeir, hvernig sem málið fer.

Málavextir eru þeir, að með verksamningi dagsettum 21. október 1932 tók Stefán nokkur Runólfsson að sér að byggja rafstöð fyrir Alþýðuskólann á Laugum í Þingeyjarsýslu, og var í verksamningnum tekið fram, hvernig verkinu skyldi hagað, að því skyldi vera lokið 15. september 1933 og að það skyldi verða tekið út af eftirlitsmanni ríkisins með raforkuvirkjum.

Í annari grein verksamningsins er ákveðið, að Stefán skuli fá 35 þús. kr. fyrir framkvæmd verksins, og áttu þær að greiðast þannig, að 5000 kr. skyldu greiddar fyrirfram, 15000 kr. skyldu greiðast með peningaláni, sem skólinn tæki fyrir milligöngu Stefáns hjá firmanu Havtor Hovden, Örsta í Noregi, og loks skyldu 15000 kr. greiðast eftir samkomulagi hlutaðeigenda siðar. Samdægurs og verksamningurinn var undirritaður gaf skólaráð Laugaskóla út skuldabréf til hins norska firma, þar sem skólaráðið viðurkennir, að skólinn sé orðinn skuldugur firmanu um allt að 18000 kr., og er í bréfinu tekið fram, að það gildi aðeins meðan á framkvæmd verksins standi, en að því loknu verði „*gefið út fullnaðarskuldabréf fyrir láninu*“. — Laust

fyrir áramót 1932 og 3 er skólastjórinn á Laugum, er virðist hafa verið umboðsmaður skólaráðsins, staddur í Reykjavík og virðist Stefán þá hafa tjáð honum, að lánið hjá norska firmanu fengist ekki með öðru móti en því, að skuldabréfið yrði umsamið þannig, að skólaráðið gæfi það út á nafn Stefáns og hann framseldi það síðan firmanu og yrði skoðaður lántakandi gagnvart því. Skuldabréfið var þá umsamið og gefið út af skólaráðinu að nýju 3. og 5. janúar 1933. Var upphæð þess hin sama, 18000 kr., en nú var það gefið út á nafn Stefáns. — Gjaldþagaákvæði bréfsins var svo hljóðandi: „Skuld þessa lofum við að greiða þannig, að 1. nóv. eftir að rafstöð skólans hefir verið afhent og samþykkt af eftirlitsmönnum ríkisins greiðum við kr. 1000.00 — eitti þúsund — síðan 1. nóv. ár hvert í næstu 8 ár kr. 1000.00 — eitt þúsund — eftirstöðvar skulu að fullu greiddar innan 10 ára frá því að fyrsta afborgun fellur í gjaldþaga.“

Til tryggingar greiðslu skuldarinnar, vaxta, innheimtulauna og væntanlegs málskostnaðar, veðsetja útgefendur bréfsins rafstöð skólans ásamt öllum leiðslum og lóðarréttinum með 1. — fyrsta — veðrétti. Loks er ákvæði um það, að lendi skuldari í vanskilum með greiðslu afborgana og vaxta, þá sé öll skuldin fallin í gjaldþaga.

Skuldabréf þetta var síðan geymt hjá málflutningsmanni hér í bænum, og hefir hann gefið vottorð um, að Stefán hafi fengið það lánað hjá sér til að sýna það norsku viðskiptafirma sinu til sönnunar því, að hann ætti von á 18000 kr. greiðslu, þegar verkinu væri lokið. Þetta virðist hafa gerzt sumarið 1933, því að skólaráðið fullyrðir ómótmælt, að bréfið hafi verið í vörzlu málflutningsmannsins fram í júní 1933, en 24. ágúst 1933 ráðstafar Stefán því á þann hátt, er nú greinist.

24. ágúst 1933 skrifar Stefán útibúi Landsbankans á Akureyri, stefnanda máls þessa, bréf, þar sem hann viðurkennir, að skuld sín við stefnanda sé 14237.60 og sendir honum jafnframt og handveðsetur honum vixil að upphæð kr. 5000.00, útgefinn af Runólfi Runólfssyni í Reykjavík og samþykktan af sér, skuldabréf útgefið til sín af Aðalbirni Sigfússyni, Hvammi í Langadal, að upphæð kr. 5000.00, og loks skuldabréf skólaráðs Laugaskóla, sem rætt hefir verið um hér að framan, að upphæð kr. 18000.00.

Skuldin við stefnanda hækkaði eftir þetta vegna áfallinna vaxta og vanskila Stefáns, og fyrir árslok 1933 var bú hans tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar.

27. marz 1934 lét stefnandi selja áðurgreind skuldabréf, er Stefán hafði handveðsett honum, á opinberu uppboði, til fullnægingar skuld hans við stefnanda. Stefnandi varð sjálfur hæstbjóðandi, og keypti hann skuldabréf Aðalbjarnar Sigfússonar fyrir 280 kr. og ofangreint 18000 kr. skuldabréf Laugaskóla fyrir 10000 kr.

Skólaráð lét mæta við uppboðið og lýsa því yfir, að Stefán hafi brostið heimild til að veðsetja bréfið og að á bak við bréfið væri engin skuld til Stefáns, ennfremur, að bréfið væri ekki enn og yrði aldrei gjaldkræft vegna gjalddagaákvæðis þess, þar eð Stefán hefði ekki afhent stöðina og rafmagnseftirlitið ekki samþykkt hana.

Þrátt fyrir endurteknar tilraunir til að fá stefndu til að taka að sér greiðslu á skuld Stefáns við stefnanda, hefir ekki náðst samkomulag um skuldina, og hefir stefnandi því höfðað mál þetta og gert í því áðurgreindar kröfur.

Stefndir byggja sýknukröfu sína af aðalkröfu stefnanda í fyrsta lagi á því, að skuldabréf þetta sé ekki raunverulegt, á bak við það standi engin skuld til Stefáns, og hafi stefnanda verið kunnugt um það, þegar hann öðlaðist handveðrétt yfir bréfinu. Því harðneitar stefnandi, og er það ekki sannað gegn neitun hans, enda gaf bréfið sjálft enga bendingu um annað en að hér væri um raunverulega skuld að ræða, og hefir ekkert komið fram, er bendi til annars en að stefnandi hafi verið í góðri trú um heimild Stefáns og gildi bréfsins gagnvart stefndu, þegar handveðsetningin fór fram.

Þá telja stefndir, að gjalddagaákvæði bréfsins, þau er áður greinir, geri það að skilyrtu skuldabréfi og sé skuldin samkvæmt því þess vegna ekki gjaldkræf og verði aldrei, þar eð hvorugt skilyrðið, afhending stöðvarinnar eða samþykki rafmagnseftirlitsins, sé enn fyrir hendi né geti síðar orðið það.

Á þennan skilning stefndu getur rétturinn þó ekki fallið. Skuldaviðurkenning bréfsins er alveg skýlaus. Í henni lýsa skólaráðsmennirnir því skilyrðislaust yfir, að Laugaskóli sé orðinn Stefáni skuldugur um fjárhæð bréfsins og lofa að greiða hana, þegar vissum skilyrðum verði fullnægt. Hér verður því talið, að um raunverulegt skuldabréf sé að

ræða, sem sé viðurkenning á ákveðinni og þegar stofnaðri skuld, en ekki að skuldin verði því aðeins til samkvæmt bréfinu, að vissum skilyrðum verði fullnægt. Hinsvegar eru gjalddagar skuldarinnar bundnir vissum skilyrðum, eins og áður greinir, og verður hún því ekki talin fallin í gjalddaga, nema þeim sé fullnægt.

Enn halda stefndir því fram, að enda þótt talið yrði, að skuldaviðurkenningin væri skilyrðislaus, þá séu þau ákveðnu skilyrði þess að bréfið verði gjaldkræft ennþá ekki fyrir hendi. Skuldin samkvæmt bréfinu sé því ekki fallin í gjalddaga, og af þeirri ástæðu beri að taka sýknukröfuna til greina.

Skilyrði þess, að skuldin verði gjaldkræf, eru þau samkvæmt ákvæðum bréfsins 1) að stöðin verði afhent og 2) að rafmagnseftirlit ríkisins samþykki hana. Hinn 1. nóv. næstan á eftir að þessum skilyrðum væri fullnægt, átti fyrsta afborgun skuldabréfsins að falla í gjalddaga. Verður nú athugað, hvort — og þá hvenær — þessum skilyrðum hafi verið fullnægt, þannig að skuldin sé nú gjaldkræf, og hvenær hún hafi fallið, ef niðurstaðan yrði sú, að hún væri fallin í gjalddaga.

Samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins og með hliðsjón af því ákvæði verksamningsins, sem ákvað, að stöðinni skyldi lokið 15. sept. 1933, er ljóst, að upphaflega hefir verið ætlað til þess, að fyrsta afborgunin félli í gjalddaga 1. nóv. 1933. Þann dag verður þó ekki talið, eftir því, sem fram er komið í málinu, að skilyrðum 1) og 2) hafi verið fullnægt, og telur rétturinn því skuldina ekki hafa verið orðna gjaldkræfa 1. nóv. 1933.

Hinsvegar er upplýst í máli þessu, að stöðin var tekin í notkun í nóvember 1933, og er ekki unnt að telja annað en að afhending í merkingu verksamnings hafi í síðasta lagi farið fram þá, og getur það ekki skipt máli í þessu sambandi, að svo virðist sem Stefán hafi ekki alveg lokið verkinu, heldur hafi skólaráðið orðið að fullgera það sjálft. Hér var að áliti réttarins aðeins um tímamark að ræða, en ekki skilyrði fyrir því, að skuldin samkvæmt skuldabréfinu yrði raunveruleg, og virðist þessi skilningur á orðinu afhent í skuldabréfinu eðlilegastur, enda hefir bæði stefnandi og stefndur hlotið að gera ráð fyrir eftir öllum kringumstæðum, að skuldin yrði gjaldkræf 1. nóv. 1933.

Með hliðsjón af orðalagi skuldabréfsins verður einnig að telja, að til þess að unnt væri að leggja þann skilning í hér umrætt ákvæði bréfsins — sem stefndir halda nú fram, að eigi að felast í því gagnvart stefnanda, sem fengið hefir það í góðri trú — þá hafi orðið að taka það berum orðum fram í bréfinu, að hin viðurkennda skuld yrði aldrei gjaldkræf, ef Stefán lyki ekki verkinu af eigin ramleik eða án hjálpar skólaráðsins. En þar eð það er ekki gert, getur rétturinn ekki fallið á, að skilningur stefndu á ákvæðinu sé réttur. Einnig verður að telja, að stefndum hefði borið skylda til að skýra stefnanda frá þessum skilningi sínum á ákvæðinu, ef þeir hefðu ætlað að neita að greiða á þessum grundvelli, til þess að stefnanda gæfist kostur á að sjá um lúkningu verksins á þann hátt að gera skuldabréfið sér verðmætt, er Stefán var hlaupinn frá verkinu. Í bréfi dags. 4. okt. 1934 lýsir rafmagnseftirlitið því yfir, að enda þótt enn væri eitthvað athugavert við frágang stöðvarinnar, þá væri hún tekin í notkun og starfrækt með vitund og samþykki rafmagnseftirlits ríkisins.

Samkvæmt því, sem nú var sagt, verður rétturinn að telja, að fyrsta afborgun samkvæmt skuldabréfinu hafi fallið í gjalddaga 1. nóv. 1934, og með því að veruleg vanskil eru orðin á um greiðslu hennar, telur rétturinn alla skuldina fallna í gjalddaga þann dag samkvæmt þar að lútandi ákvæðum skuldabréfsins.

Eins og áður segir, hefir ekkert komið fram í máli þessu, er bendi til annars en að stefnandi hafi fengið umrætt skuldabréf að handveði í góðri trú. Sömuleiðis verður að telja, að stefndir hafi með bréfi sínu til stefnanda dags. 13. okt. 1933 viðurkennt, að þeim bæri skylda til að innleysa skuldabréfið, enda verður ekki séð, að þeir hafi mótmælt gildi bréfsins eða veðsetningunni til stefndanda, þegar þeir komust að, hvernig Stefán hafði notað bréfið. Enda þótt framangreind mótmæli hafi komið fram gegn gildi skuldabréfsins gagnvart stefndu á uppboðinu 27. marz 1934, verða þau ekki talin hafa áhrif í þá átt að meina stefnanda að innheimta skuldabréfsupphæðina að fullu.

Úrslit máls þessa verða því samkvæmt framansögðu þau, að aðalkrafa stefnanda verður tekin til greina, og verða hinir stefndu skólaráðsmenn f. h. Alþýðuskólans á Laugum dæmdir til að greiða honum skuldabréfsupphæðina með

umkröfðum vöxtum og málskostnaði, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 700.00, og viðurkennist 1. veðréttur stefnanda í Alþýðuskólanum (sic) á Laugum með öllum leiðslum og lóðarréttindum fyrir tildæmdum upphæðum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Jón Sigurðsson, Þórólfur Sigurðsson, Kristján Sigurðsson, Þorgeir Jakobsson, Jónas Jónsson og Ketill Indriðason, greiði f. h. Alþýðuskólans á Laugum stefnandanum, útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri, kr. 18000.00 með 5% ársvöxtum frá 1. nóv. 1934 til greiðsludags og kr. 700.00 í málskostnað, og á stefnandi 1. veðrétt í Rafstöð Alþýðuskólans á Laugum í Þingeyjarsýslu með öllum leiðslum og lóðarréttindum til tryggingar hinum tildæmdu upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1938.

Nr. 78/1938. **Jón Gíslason**

gegn

Gústav Ólafssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Gíslason, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.
